

Akranes 10.10.2017

Bæjarráð Akraness
Akraneskaupsstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Erindi:

Nýting sjálfboðaliða í reiðvegagerð og meðferð úthlutaðs fjármagns því tengdu.

Reiðveganefnd er með áætlun um kostnað vegna viðhalds og lagningu nýrra reiðvega. Sú áætlun byggist á uppreiknuðum tilboðum sem hafa þegar verið samþykkt.

Þegar verk hefur verið ákveðið og kostnaðarmetið þá óskum við eftir að bjóða út eða vinna verkið í sjálfboðavinnu ef vilji félagsmanna er fyrir hendi. Verkið yrði þá unnið samkvæmt kostnaðaráætlun en fjárhagsstuðningurinn rynni til Hestamannafélagsins Dreyra og myndi þá nýtast í viðhald og annað sem stjórn Dreyra tæki ákvörðun um. Með þessu fyrirkomulagi telur nefndin að fjármunir nýtist betur og félagsandi eflist.

Eftirlit með framkvæmdum yrði hjá Reiðveganefnd Dreyra. Framkvæmdaskýrsla myndi fylgja með þegar óskað væri eftir greiðslu styrksins hverju sinni.

Ef þetta er samþykkt þá gætum við byrjað strax á þeim framkvæmdum sem rammast innan skipulags og úthlutaðs fjármagns hvers tímabils.

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Dreyra

Stefán Jónsson, formaður
Anton Ottesen
Ágúst Harðarson
Þorsteinn Hörður Benónýsson
Óttar Már Ellingsen